

Eystrahorn

9. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 7. mars 2019

www.eystrahorn.is

Bókmenntahátíð Þórbergsseturs

Hin árlega bókmenntahátíð Þórbergsseturs verður haldin 10. mars næstkomandi í Þórbergssetri. Góðir gestir mæta á hátíðina ásamt heimamönnum og vonumst við eftir að eiga góða samverustund saman. Dagskráin ber yfirskriftina „ Framtíð bókmenningar á Íslandi, sögur af forfedrum og mæðrum. Takið eftir að dagskráin hefst klukkan 13:30 með söng Kvinnakórs Hornafjarðar .

Fyrirlesarar eru;

Ragnar Helgi Ólafsson skáld sem fjallar um nýjustu bók sína Bókasafn föður míns - sálumessa, sem kom út á haustdögum og hlaut afar góðar móttökur auk þess að vera tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Ragnar er menntaður í heimspeki, myndlist og ritlist og hefur jafnhliða ritstörfum um árabíl starfað að sjónlistum. Þriðja bók Ragnars Helga, ljóðabókin Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar haustið 2015. Áður höfðu komið út skáldsagan Bréf frá Bútan (2013) og smásagnasafnið Fundur útvarpsráðs þann 14. mars 1984 og áhrif hans á kynverund drengsins og fleiri sögur (2015). Árið 2018 fylgdi síðan Handbók um minni og gleymsku sem var tilnefnd til bæði Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Menningarverðlauna DV. Ragnar Helgi býr og starfar í Reykjavík



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir blaðamaður sem les upp úr bók sinni Amma - draumar í lit. Hólmfríður hefur unnið sem blaða- og fréttamaður undanfarnin fimmán ár og hefur starfað á ýmsum miðlum – Fréttablaðinu, á fréttastofu RÚV og á Stundinni, auk þess að skrifa fyrir hina og þessa miðla. Hún hefur nokkrum sinnum tekið sér frí frá blaðamennsku, þrisvar sinnum til að verja tíma með nýfæddum börnum sínum, einu sinni til að gegna tímabundinni stöðu kynningarstjóra Listahátíðar í Reykjavík og á árunum 2012-2015 bjó hún í Barcelona, þar sem hún var í meistaranámi sem ber flókinn katalónskan titil en mætti lýsa sem blöndu af blaðamennsku og ritlist. Það var þar, á einu heimþrátímabilanna sem

hellust yfir hana og hugurinn var heima hjá fólkinu hennar, sem henni datt í hug að skrifa sögu ömmu sinnar.

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur starfar sem fræðimaður á Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði. Hún kenndi um árabíl við Háskóla Íslands og hefur í ríflega þrjú áratugi skrifað ritdóma og greinar um bókmenntir í blöð, tímarit og bækur. Árið 2015 sendi hún frá sér bókina Ég skapa – þess vegna er ég, um skrif Þórbergs Þórðarsonar sem byggð er á doktorsritgerð hennar.

Allir eru velkomnir að heimsækja sveit sólar á afmælishátíð Þórbergs Þórðarsonar, en hann var fæddur á Hala 12. mars 1888

GRODDAVEISLA HJÁ KIWANISKLÚBBNUM ÓS

16. MARS FRÁ KL. 19:30 Á HAFINU




Dagskrá:

- Verð í mat er kr 6500
- Veislustjóri Ólafur Jónsson
- Málverkaupþöð
- Grillað langreyðarkjöt, saltað spikfeitt kindakjöt, spikfeitt hrossakjöt
- Seljavallakartöflur, rófur, uppstúf og meðlæti
- Forsala í Martölvunni á kr 5500
- Gamanmál, líf og fjör og gaman saman
- Hægt er að senda póst á os@kiwanis.is eða á osskemmtun@kiwanis.is eða tala við næsta Ósfélaga.

Eftir kl. 23:00 er opið hús með trúbadornum Júlla:

- Verð eftir kl 23:00 er kr 1000, en þá er opið hús fyrir konur og karla.
- Trúbadorinn Júlli, munnhörpusnillingurinn Jonni og bassaleikarinn Einar Árni skemmta til kl 2:00.

Styrkjum Styrktarsjóð Kiwanisklúbbsins Ós og hjálpum börnum í heimabyggð og erlendis. Innkoma kvöldsins rennur til góðgerðarmála.



Uppeldi sem virkar

Námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* verður haldið í Ekrinni á Höfn miðvikudagana 13. – 20. – 27. mars og 03. apríl kl. 19:00-21:00. Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti.

Námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd færni og vel rannsakaðar aðferðir. Námskeiðið er partur af lýðheilsustefnunni og kennt í samstarfi hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskþjálfara.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem yfir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til framtíðar.

Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið hentar öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti.

Þátttakendur þurfa að skrá sig á heilsugæslustöðinni, sveitarfélagið býður öllum foreldrum barna á leikskólaaldri námskeiðið þeim að kostnaðarlausu.

Námskeiðið byggir á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.



Hvernig er hægt að:



- Koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika?
- Hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni?
- Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu?
- Nota aga á jákvæðan og árangursríkan hátt?
- Kenna börnum æskilega hegðun?
- Takast á við venjuleg vandamál í uppeldi?

Skráning á netfangið hsu@hornafjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í síma 4708600 frá kl 11.00 virka daga .



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Vöflukaffi 12. mars kl. 17:00 í Golfskálanum Cafe tee

Dagskrá fundarins

1. Samgöngumál
2. Nýtt hjúkrunarheimili
3. Önnur mál

Frummælandi á fundinum: Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri.
Allir velkomnir.

Framsóknarfélag A- Skaft.



Bókmenntahátíð Þórbergssseturs verður sunnudaginn 10. mars næstkomandi

Dagskráin er eftirfarandi:

Framtíð bókmenningar á Íslandi, sögur af forfeðrum og mæðrum.

13:30 Setning

13:40 Kvennakór Hornafjarðar syngur nokkur lög

14:00 Bókasafn föður míns, - sálumessa; Ragnar Helgi Ólafsson skáld og listamaður

14:30 Upplestur, Skiptidagar Guðrúnar Nordal

14:40 Óður til ömmu; Sögubrot úr ævi íslenskrar alþýðukonu, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir blaðamaður

15:10 Upplestur Hugvekja Auðar Jónsdóttir úr Tímariti Máls og menningar

15:20 Framtíð íslenskrar bókmenningar; Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur

15:50 Kaffiveitingar og spjall. Gestum boðið á sýninguna að skoða nýja muni og endurbætur

Allir velkomnir

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu boðar til framhalds aðalfundar þann 18. mars n.k. klukkan 19:00 í sal Aflls að Víkurbraut 4

Dagskrá auka aðalfundar er:

1. Félagaskrá lögð fram
2. Kosning tveggja endurskoðenda
3. Drög að lagabreytingum lögð fram til kynningar

Í beinu framhaldi af aukaaðalfundi boðar Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu til aðalfundar þann 18. mars n.k. klukkan 20.00 á sama stað.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Lögð fram skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá.
2. Lögð fram tillaga að breytingu á lögum félagsins.
3. Lagðir fram reikningar félagsins.
4. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.
5. Ákvörðun um árgjald.
6. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
7. Önnur mál.

Fundargögn liggja fyrir hjá stjórn félagsins og áhugasamir geta óskað eftir þeim á netfanginu sindri@glaciertrips.is og verða þau send í framhaldinu en gögn munu einnig liggja frammi á fundinum.

Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa árgjald félagsins eigi síðar en sunnudaginn 10. mars n.k. Árgjald félagsins verður fyrir starfsárið 2019-2020 kr. [12.000 kr. hjá fyrirtækjum og 6.000 kr. hjá einstaklingum]

Virðingarfyllst

Stjórn Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Skaftfellingamessa

í Breiðholtskirkju kl. 14:00
sunnudaginn 10. mars 2019
sr. Gunnar Stígur Reynisson og prestar
Breiðholtskirkju þjóna fyrir altari.

Kaffisala Söngfélags Skaftfellinga að messu lokinni í
safnaðarheimili kikjunnar

Íslandsmeistaramót í Hornafjarðarmanna
verður haldið í Breiðfirðingabúð
Föstudaginn 15. mars 2019, kl. 20:00



Kírópraktorastöð Hornafjarðar



Hornfirðingurinn Guðmundur Birkir Pálmason hefur starfað sem kírópraktor frá 2010 en opnaði Kírópraktorstöð Reykjavíkur árið 2017. Þar starfar Guðmundur með kírópraktorum Vigni Bollasyni, Nils Meier, Kristjáni Óskarssyni og nuddurum Gunnhild Gylfadóttur, Jason Steel og Mark Kirslick. Guðmundur mun koma reglulega til að meðhöndla Hornfirðinga og viðhalda þeirri frábæri þjónustu sem Sandra hafði séð um síðustu árin.

Guðni Arinbjarnar, bæklunarskurðlæknir
verður með móttöku á heilsugæslustöðinni á
Höfn **18-19 mars n.k**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.



Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarfélags og
Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar verður
fimmtudaginn, þann 14. mars kl 20:00

Hvetjum alla félagi til að
mæta.



Hollvinir Hornafjarðar

Hollvinir Hornafjarðar boða til aðalfundar í
Golfskála Golfklúbbs Hornafjarðar mánudaginn
18.mars 2019, kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins
2. Önnur mál

Nýir félagar hjartanlega velkomnir
Stjórnin

Verndum og virðum

FLÓAMARKAÐUR

Markaðurinn verður haldinn
laugardaginn 9. mars á Hafinu,
Heppuvegi 5, frá kl. 12:00 – 15:00.
Einnig verður opið hjá Hirðingjunum þann dag.

*Markaðurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins,
Hafsins og Hirðingjanna.*



Rafvirki, mælaumsjón á Höfn í Hornafirði

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Höfn. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við rekstur dreifikerfis fyrirtækisins. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni

- Umsjón með orkumælum
- Tenging nýrra viðskiptavina
- Samskipti við rafverktaka
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Gagnaskráning og undirbúningur verkefna

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Þrífkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Finnur Freyr Magnússon, deildarstjóri rekstrarsviðs á Austurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 18. mars 2019 og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afa, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.



NORÐURLJÓSA BLÚS

7. - 9. MARS
Á PAKKHÚSINU OG HAFINU 2019



FIMMTUDAGUR

7. MARS

- Pubquiz á Hafinu

Hefst kl. 21:00

Allir velkomnir

FÖSTUDAGUR

8. MARS

Pakkhúsið Tónleikar

- Kormákur
- Blúsband Bigga Reynis
- Blúsmenn Andreu

Húsið opnað kl. 20:30

Dagskrá hefst kl. 21:00

LAUGARDAGUR

9. MARS

- Blúsdjamm í Pakkhúsinu, hefst kl. 12:00 til 15:00

Allir velkomnir

LAUGARDAGUR

9. MARS

Hafið Tónleikar

- Reykjavík smooth jazzband
- Todmobile

Húsið opnað kl. 20:30

Dagskrá hefst kl. 21:00

MIÐAVERÐ Á STAKT KVÖLD 3500 KR.

HELGARPASSI 6000 KR.

MIÐASALA VIÐ INNGANGINN

Flugfélagið Ernir býður upp á 30% afslátt af flugi ef flogið er til Hafnar á föstudegi og til baka á sunnudegi. www.ernir.is

Styrktaraðilar



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR